

# Kílómetragjald – Dagpeningar

Breytingar á skattmati í staðgreiðslu frá 1. október 1999

## Kílómetragjald

Almennt kílómetragjald

Fyrstu	10.000 km	kr. 41,65 pr. km
Næstu	10.000 km	kr. 37,50 pr. km
Umfram	20.000 km	kr. 33,30 pr. km

Sérstakt gjald

Greitt vegna aksturs á vegum fyrir almenna umferð þar sem ekki er bundið slitlag. Ef greitt er sérstakt gjald er frádráttarheimild 15% hærri en vegna almenns kílómetragjalds.

Torfærugjald

Greitt vegna aksturs utan vega eða á vegslóðum sem ekki eru færir fólkubílum. Ef greitt er torfærugjald er frádráttarheimild 45% hærri en vegna almenns kílómetragjalds.

Hlunnindamat vegna takmarkaðra afnota

Hlunnindi vegna takmarkaðra afnota af bifreið í eigu launagreiðanda verða metin kr. 41,65 pr. km.

## Dagpeningar

Dagpeningar innanlands

Mat á kostnaði á móti dagpeningum til greiðslu á gistingu og fæði innanlands verður:

- Gisting og fæði í einn sólarhring kr. 8.500
- Gisting í eina nótt kr. 4.500
- Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag kr. 4.000
- Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag kr. 2.000

Skilyrði til að halda megi dagpeningagreiðslum utan staðgreiðslu eru að fyrir liggja gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga eða eftir atvikum reikningar frá þriðja aðila, svo og nafn og kennitala launamanns.

Dagpeningar erlendis – breytast ekki.

## Launþegi eða verktaki

Ekki er einhlýtt að maður sem ráðinn er til starfa gegn verktakagreiðslum sé verktaki í skilningi skattalaga.

Gefið hefur verið út nýtt eyðublað, **RSK 10.31 Könnun á starfssambandi**. Blaðið ber undirtitilinn „Vegna tilkynningar til VSK-skrár og/eða launagreiðendaskrár staðgreiðslu“. Eyðublaðið er ætlað til að auðvelda ákvörðun um það hvort gjaldandi sé launþegi eða verktaki, í þeim tilvikum þegar vafi leikur á um það.

Þegar einstaklingur, sem eingöngu selur vinnu sína einum eða fáum aðilum, skilar inn tilkynningu um virðisaukaskattskylda starfsemi (RSK 10.22) og/eða tilkynningu til launagreiðendaskrár staðgreiðslu (RSK 5.02), ber honum jafnframt að fylla út þetta eyðublað. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem hann gefur mun skattstjóri síðan meta hvort gjaldandi sé sjálfstæður verktaki eða hvort starfssamband hans við kaupanda vinnunnar sé launþegasamband.

Eyðublað þetta liggur frammi hjá skattstjórum og það má einnig nálgast á upplýsingavef rikisskattstjóra rsk.is.